

# Breytingastofa og starfendarannsókn

Áfangaskýrsla til Sprotasjóðs vegna styrkveitingar 2010-2011



**Menntaskólinn við Sund**

**Desember 2010**

## Markmið

Markmiðið er að starfendarannsóknarhópurinn vinni saman að því að skoða hvernig við getum bætt og aukið fjölbreytni og sveigjanleika í kennslu og námi í MS til að auka virkni nemenda og ábyrgð þeirra á námi sínu. Tilgangurinn er að efla kennara og auka vellíðan þeirra í starfi og auðga nám nemenda og bæta námsárangur þeirra.

## Staða verkefnis

Á síðasta skólaári skoðaði starfendarannsóknarhópurinn kosti og galla núverandi náms- og kennsluaðferða annars vegar með því að skoða sögu kennsluhátta í MS í gegnum paraviðtöl og umræður og hins vegar með hópumræðum um kennsluhætti nútímans með sérstakri áherslu á umræður um þær starfendarannsóknir sem þátttakendur voru að vinna að. Markmiðið var að greina togstreitu í náms- og kennsluaðferðum í MS. Á þessu skólaári halda umræður áfram um nútímann í gegnum kynningar á starfendarannsóknum og unnið er að því að setja fram hugmyndabanka um mögulegar breytingar á náms- og kennsluaðferðum. Starfendarannsóknir í fyrra og í vetur beinast sérstaklega að því að finna leiðir til að auka virkni nemenda í námi sínu og leiðir til að hlusta á raddir nemenda.

## Verk- og tímaáætlun

Þátttakendur í verkefninu á síðasta skólaári voru alls 18 auk ráðgjafa, fjórir þeirra hættu þátttöku í lok skólaársins en tveir nýir bættust í hópinn í haust. Verkefnið gengur nokkurn veginn samkvæmt verkáætlun sem fylgdi með styrkumsókn. Reyndar tókst ekki að fá Engeström frá Finnlandi í heimsókn til okkar eins og til stóð en við fengum í staðinn Þuríði Jóhannsdóttur, lektor við HÍ til að kynna starfsemiskeninguna fyrir hópnum. Vigdís Þyrí Ásmundsdóttir gerði úttekt á starfi starfendarannsóknarhópsins eins og til stóð og mun hún klára ritgerð um það á vorönn 2011. Búið er að staðfesta að þann 9. mars 2011 mun Jean McNiff, prófessor við York St. John University á Englandi, sérfræðingur í starfendarannsóknum koma í MS og vera með vinnustofu. Á vorönn 2011 mun verkefnisstjóri í samvinnu við tvo til þrjá kennara í hópnum skoða nánar starfendarannsóknarferlið og hvernig það gagnast við starfsþróun kennara. Þær aðferðir sem notaðar verða eru viðtöl, athuganir og rýnihópar nemenda. Í lokin verður heildarmat lagt á verkefnið með matskönnun og matsfundi hópsins.

## Frávik miðað við áætlun verkefnis

Þegar verkefnið hófst stóð til að gera miklar breytingar á skólastarfinu í MS haustið 2010 í kjölfar nýrra framhaldsskólalaga. Fyrirhugaðar breytingar sneru annars vegar að því að taka upp lotubundið bekkjarkerfi og hins vegar að móta nýja skólanámskrá. Þær breytingar komust ekki til framkvæmda haustið 2010 vegna þess að ekki tókust kjarasamningar milli Menntaskólans við Sund og Kennarasambands Íslands um breytt fyrirkomulag vinnutíma kennara. Sjá nánari upplýsingar í

skýrslum á heimasíðu MS. Þetta hefur þá þýðingu gagnvart þróunarverkefninu að þær hugmyndir um breytingar sem kennarar setja fram snúa ekki að lotunámi í nýrri skólanámskrá heldur að breytingum innan bekkjarkerfisins og skólanámskrá sem hefur verið í gildi síðan 2002.

## Rekstrarreikningur

<b>Breytingastofa og starfendarannsókn</b>			
<b>Rekstrarreikningur 1.8.2009 - 31.12.2010</b>			
<b>Kostnaðarpáttur:</b>	<b>Heildarkostnaður</b>	<b>Greitt með styrk frá Sprotasjóði</b>	<b>Greitt af þátttökuskóla</b>
Launakostnaður	950.000 kr.	645.000 kr.	155.000 kr.
Aðkeyptir sérfræðingar	275.000 kr.	275.000 kr.	
Kvikmyndavél	153.425 kr.		153.425 kr.
Flettistöflur	64.821 kr.		64.821 kr.
Ferðakostnaður	- kr.		
Prent- og útgáfukostnaður	50.000 kr.		50.000 kr.
Húsnæði og aðstaða	50.000 kr.		50.000 kr.
Umsýsla	15.000 kr.		15.000 kr.
Annað	9.800 kr.		9.800 kr.
<b>Samtals:</b>	<b>1.568.046 kr.</b>	<b>920.000 kr.</b>	<b>498.046 kr.</b>

## Annað

Hópurinn hefur kynnt starfendarannsóknir sínar víða sl. ár t.d. á ráðstefnu menntavísindasviðs HÍ um rannsóknir, nýbreytni og þróun (Halla Kjartansdóttir, 2010; Hjördís Þorgeirsdóttir, 2010), í kennsluréttindanámi við HÍ, framhaldsnámi um starfendarannsóknir við HÍ, framhaldsnámi um starfendarannsóknir fyrir framhaldsskólakennara, vettvangsnámi fyrir framhaldsskólakennara bæði list- og verkgreinakennara og viðskipta- og hagfræðikennara, Matsfræðingafélagi Íslands (Hjördís Þorgeirsdóttir og Sigurrós Erlingsdóttir, 2009), Eta deild í Delta, Kappa, Gamma samtökum kvenna um menntamál (Ósa Knútsdóttir og Sigurrós Erlingsdóttir, 2010) og á haustþingi SAMNOR á Akureyri. Sjá dæmi um kynningar á heimasíðu MS.

Eftirfarandi listi yfir viðfangsefni í starfendarannsóknnum þátttakenda á síðasta skólaári gefur vísbendingu um fjölbreytni þeirra breytinga á náms- og kennsluaðferðum sem þátttakendur eru að vinna að í þróunarverkefninu:

- Próa nýjar kennsluaðferðir í líffræði og kanna viðhorf nemenda til þeirra (Erna Óskarsdóttir, 2010).
- Verkefnatengt nám í lotunámi.
- Samþætting sögu og dönsku í valgrein um Kristján IV. Verkefnavinna nemenda.
- Breyta skipulagi á tilraunakennslu í eðlisfræði og kanna viðhorf nemenda til tilrauna (Rúnar Þorvaldsson, 2010).

- Prófa nýjar aðferðir til að virkja nemendahópinn (Halla Kjartansdóttir, 2010).
- Bjóða nemendum að setjast tímabundið í fremstu röð og fá aðstoð til að ná betri árangri.
- Tjáning, nemendur halda dagbók, tengja saman bókmenntasögu og tjáningu (Jóna Guðbjörg Torfadóttir, 2010).
- Breyta námsmati í verklegri efnafræði, taka upp leiðsagnarmat fyrir skýrslur.
- Breytingar á námsviðmiðum í verklegri efnafræði í samræmi við nýja námskrá (Þorbjörn Guðjónsson og Rannveig Hrólfsdóttir, 2010).
- Alfa – Beta – Gamma. Breytileg samsetning námsmats í stærðfræði (Ágúst Ásgeirsson, 2010).
- Áhersla á lestur og beitingu hugtaka í stærðfræði. Bæta próftöku nemenda í stærðfræði með einstaklingsviðtölum.
- Sjálfsmat nemenda og finna leiðir til að auka metnað nemenda í náminu.
- Skoða mætingu og raunmætingu. Skoða viðhorf starfsmanna og nemenda til raunmætingar (Sigurrós Erlingsdóttir, 2010).
- Próa áfangann námsaðferðir í samráði við nemendur.

## Lokaorð

Menntaskólinn við Sund þakkar kærlega fyrir veittan þróunarstyrk úr Sprotasjóði Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Styrkurinn hefur bæði veitt okkur faglega hvatningu til að gera enn betur sem og mikilvægan fjárhagslegan stuðning. Við stefnum á að nýta þann hluta styrksins sem við eigum eftir að fá á svipaðan hátt og fyrri hluta hans.

Virðingarfyllt.

Fyrir hönd Menntaskólans við Sund.

---

Hjördís Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri

---

Már Vilhjálmsson, rektor

## Heimildir

- Ágúst Ásgeirsson. (2010). Um Alfa, Beta og Gamma. Starfendarannsókn 2009-2010. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.
- Halla Kjartansdóttir. (2010). Í meðferð við textafælni, lestrar- og skriftaróþoli. Erindi á Menntakviku, ráðstefnu menntavísindasviðs Háskóla Íslands um rannsóknir, nýbreytni og þróun. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.
- Erna Óskarsdóttir. (2010). Áhugi nemenda og kennsluaðferðir í líffræði. Starfendarannsókn 2009-2010. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.
- Hjördís Þorgeirsdóttir. (2010). Breytingastofa. Erindi flutt á Menntakviku, ráðstefnu menntavísindasviðs Háskóla Íslands um rannsóknir nýbreytni og þróun. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.
- Hjördís Þorgeirsdóttir og Sigurrós Erlingsdóttir. (2009). Starfendarannsókn í MS. Erindi á fundi hjá Matsfræðingafélagi Íslands. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.
- Jóna Guðbjörg Torfadóttir. (2010). Tjáning en ekki þjáning. Starfendarannsókn 2009-2010. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.
- Ósa Knútsdóttir og Sigurrós Erlingsdóttir. (2010). Starfendarannsókn í MS. Erindi á fundi hjá Eta deild Delta, Kappa, Gamma, félagi kvenna um menntamál. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.
- Rúnar Þorvaldsson. (2010). Könnun á viðhorfi nemenda til tilrauna í eðlisfræði. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.
- Sigurrós Erlingsdóttir. (2010). Raunmæting í Menntaskólanum við Sund. Skýrsla um starfendarannsókn samfara innleiðingu raunmætingar í náms- og vinnueinkunn nemenda. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.
- Þorbjörn Guðjónsson og Rannveig Hrólfisdóttir. (2010). Verkleg efnafræði - Ný námsviðmið. Kynning á starfendarannsókn í vettvangsnámi raungreinakennara. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.